

# Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Brims



Aðalfundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 24. mars 2022 með rafrænum hætti auk þess sem hluthöfum gefst kostur á að mæta til fundarins en fundurinn fer fram í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík klukkan 17:00.

Fundurinn fer fram á íslensku.

## DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina síðastliðið ár.
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
3. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Tillaga um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin bréfum.
9. Önnur mál, löglega upp borin.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram með rafrænum hætti í gegnum Lumi AGM.

## TILLÖGUR

### TILLAGA UM GREIÐSLU ARÐS

„Samkvæmt stefnu félagsins sem kynnt var í skráningarlýsingu félagsins árið 2014 leggur stjórn félagsins til að arðgreiðsla á árinu 2021 vegna rekstrarársins 2020 verði 2,1 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 4.034 millj. kr. (um 27,3 millj. evra á lokagengi ársins 2021), eða 2,7% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2021. Arðurinn verði greiddur 29. apríl 2022. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 24. mars 2022 og arðleysisdagur því 25. mars 2022.

Arðsréttindadagur er 28. mars 2022. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.“

Hluthöfum mun standa til boða að fá arðgreiðslu í evrum, sem mun byggja á ISK/EUR miðgengi Seðlabanka Íslands eins og það er tilgreint við lok dags síðasta dag fyrir arðgreiðsludag, eða 28. apríl 2022. Hluthafar sem hyggjast óska eftir arðgreiðslu í evrum skulu tilkynna félaginu það fyrir lok dags 10. apríl 2022 á þar til gert eyðublað, sem er aðgengilegt hér [www.brim.is/is/fjarfestar/adalfundur](http://www.brim.is/is/fjarfestar/adalfundur)

### TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR UM STARFSKJARASTEFNU

„Stjórn félagsins leggur til óbreytta starfskjarastefnu“.

### TILLAGA UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNARMANNA

„Stjórn félagsins leggur til að þóknun næsta árs til stjórnarmanna verði 330.000 kr. á mánuði, varaformaður fái einn og hálfan hlut og formaður tvöfaldan hlut.“

### KOSNING ENDURSKOÐANDA

Stjórn félagsins leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið endurskoðandi félagsins.

### TILLAGA UM AÐ STJÓRN FÁI HEIMILD TIL KAUPA Á EIGIN HLUTUM

„Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“